


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 1 af 2	Atvinnufræði ATF 295 Kennsluáætlun Vorönn 2013	

Kennari	Ketill Sigurðarson	Sk.st.	KES
----------------	--------------------	---------------	-----

Atvinnufræði - Almennt vinnustaðanám ATF295

(Nemandi búinn að vera í ATF195 atvinnufræði á haustönn.)

Hér er aðalmarkmiðið að nemandinn fái almenna reynslu á vinnustað og geti tileinkað sér æskileg vinnubrögð og viðhorf til framtíðar.

Þekkingarmarkmið:

hafa yfirsýn um að minnsta kosti einn vinnustað, meðal annars geta rætt um aðalatriði í starfsemi og fyrirkomulagi vinnustaðarins.

þekkja stjórnendur vinnustaðarins og vita hvert á að leita með álitamál eða til að fá aðstoð og leiðbeiningar.

skilja hlutverk sitt við ákveðin störf og geta notað þann orðaforða og þau hugtök sem starfinu fylgja.

þekkja starfsskyldur svo sem þagnarskyldu, reglur um mætingar, forföll frá vinnu, hlífðar- og öryggisatriði sem vinnan kallar á.

Leiknimarkmið:

Eftir að hafa lokið áfanganum á nemandi að:

geta séð um að skila inn listum eða öðrum einföldum **gögnum um vinnu sína** á hverjum degi.

hafa vald á viðurkenndum vinnubrögðum við ákveðin störf og geta sinnt almennum (einföldum) verkum án stöðugrar leiðsagnar.

Hæfnimarkmið:

Eftir að hafa lokið áfanganum á nemandi að:

hafa aflað sér hagnýtrar reynslu á vinnustað þar sem ákveðin viðmið um vinnubrögð og þekkingu voru höfð að leiðarljósi.


vera hæfur til að taka leiðbeiningum um vinnubrögð og geta átt greið samskipti við samstarfsfólk og stjórnendur.

geta að einhverju leyti **metið sjálfan sig** og frammistöðu sína með því að nota viðmið um vinnubrögð og afköst ásamt því að geta skoðað og metið viðhorf sín til þeirrar reynslu sem hann hefur fengið á vinnustaðnum.

Viðfangsefni og framkvæmd

Samkomulag

VMA, nemandi/forráðamaður og vinnustaður gera með sér samkomulag um hlutverk hvers og eins. Slíkt samkomulag verður undirritað af kennara, nemanda og fulltrúa vinnustaðar. Þar er kveðið á um að VMA sjái um öll gögn, utanumhald og eftirlit, nemandinn hlíti reglum á vinnustað og vinnustaðurinn veiti nemanda tækifæri til að kynna atvinnulífinu. Nemandi mætir á vinnustað tvisvar í viku samtals 8. klst. á viku.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	Atvinnufræði ATF 295 Kennsluáætlun Vorönn 2013	
Síða 2 af 2		

Að kynnast vinnustaðnum.

Kynning á vinnustaðnum í heild og sérstaklega á því sem nemandinn mun hafa sem aðal vinnustöð. Vinnustaðurinn sér um að kynna nemandanum vinnustaðinn í heild. Nemandinn fái slík tækifæri til að kynnast vinnustaðnum sem jafnast á við það sem nýliðar á vinnustaðnum ganga í gegnum. Ekki er gerð krafa um að slík kynning fari endilega fram í byrjun tímabilsins.

Innleiðing í ákveðin störf sem nemandinn mun aðallega sinna eða taka þátt í á meðan vinnustaðanáminu stendur. Leiðbeinandi á vinnustað kennir vinnubrögð og sér um að í byrjun hafi nemandinn stöðugt möguleika á að fá aðstoð og leiðbeiningar. Seinni hluta tímabilsins verði hægt að fela nemandanum ákveðna verkþætti og hægt er að ætlast til að nemandinn leysi ákveðin verk úr hendi á eigin ábyrgð.

Verkbókhald. Skilagrein á vinnustaðnum um vinnustaðinn og viðfangsefni hvers dags. Frá byrjun verði gert ráð fyrir að nemandinn með aðstoð frá leiðbeinanda, tilgreini verkefni og viðfangsefni sem unnið er að svo hann kynnist einföldu verkbókhaldi eða hliðstæðu kerfi. Nemandinn haldi þannig verkdagbók á einföldu formi. Kennari úr VMA sér um ut anumhald um þetta.

Vinnuframlag. Vinna nemanda við ákveðin störf á vinnustaðnum, ætlast er til að vinnustaður geti nýtt tíma nemanda til að sinna störfum sem þarf að vinna. Ætlast er til að nemandinn fái hagnýta reynslu af vinnu á vinnustað, ekki bara að fylgjast með. Þess vegna er nauðsynlegt að hann sinni hluta af þeim störfum sem þarf að sinna. Vinnustaðurinn leggur fram leiðsögn og á móti leggur nemandinn fram vinnu.

Mat á frammistöðu nemanda.

Sameiginlegt mat nemanda, leiðbeinanda á vinnustað og matsmanns/kennara frá VMA á vinnustaðadvölinni og árangri nemandans. Matið er óaðskiljanlegur hluti vinnustaðanámsins. Það hefur margvíslegan tilgang. Að leiðbeina nemanda þannig að hann bæti sig og nái meiri leikni og hæfni. Einnig að nemandinn geti betur skilgreint styrkleika, veikleika og áhugasvið. Að skila umsögn um frammistöðu og framfarir nemandans og að vera mat á náminu sjálfu, vinnustaðnum og framlagi VMA. Meðal annars þarf að koma fram hvort tókst að koma nemandanum á vinnustað sem hentaði honum.

Allt þetta er í höndum kennara VMA sem leitar til vinnustaðarins um endurgjöf.

Námsmat:

Starfsmat 30%, dagbók nemanda 30% mat kennara 30% mætingareinkunn 10%

Nemandi veður metinn Staðinn (S) eða fallinn (F).

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils